



Lagt fyrir fund forsætisnefndar 13. mars 2020

## Bréf

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd  
**Sendandi:** Þróstur Sigurðsson

---

**Efni:** Óskað er eftir samþykki um notkun á nýju stafrænu merki fyrir Reykjavíkurborg.

**Greinargerð:** Meginástæðan fyrir nýrri útgáfu af stafrænu merki Reykjavíkur er tvíþætt. Annars vegar móton um upplifun fólks af ásýndinni og hins vegar hönnunarlegar takmarkanir.

Til að móta stefnu sem kjarnar okkar persónuleika voru haldnar vinnustofur þar sem þverfaglegur hópur starfsfólks ræddi og sameinaðist um gildi Reykjavíkur — vingjarnleg, litrík og traust.

Með gildin að leiðarljósi var upplifun fólks á merki Reykjavíkur skoðað. Niðurstaðan var sú að uppfæra merkið í takt við nýja, stafræna tíma og gera vingjarnlegt og traust merki sem skalast vel og nýtur sín á ólíkum miðlum.

Þá var einnig sóttur innblástur í upprunalegar skissur Halldórs Péturssonar frá 1956 og mætti því sannarlega segja að við séum komin heilan hring.

### Helstu breytingar

#### Litur og yfirbragð

Til að fá ferskara yfirbragð og ganga úr skugga um að blái liturinn njóti sín vel á öllum skjám og miðlum var aðallitur Reykjavíkur lýstur upp. Nýi liturinn er bæði léttari og litsterkari, ásamt því að skjávænn tónn hans hentar vel til notkunar á stafrænum miðlum.

#### Nafn og ímynd

Í stað þess að tala um Reykjavíkurborg er notast við Reykjavík eins og fólk gerir í daglegu máli, þannig gerum við ásýndina vingjarnlegri.

#### Letur


Nýtt og ferskt íslenskt letur, L15, var valið til að standa með skjaldarmerkinu. Það er mikilvæg ímyndarsköpun sem felst í því að notast við sérlenska hönnun, en L15 nær

að kjarna öll þau einkenni sem starfshópnum þóttu mikilvæg. Það er vingjarnlegt, einstakt og sjærmerandi – en samt sem áður traustvekjandi.

### **Skalanleiki og einföldun**

Á skjámiðlum þarf merkið að geta virkað bæði lítið (samfélagsmiðlar) og stórt (stórir skjáir). Þunnar línurnar í teikningunni í upprunalega merkinu týnast og verða ógreinilegar þegar það er smækkað sem gerir merkið sjálft ólæsilegra og ekki eins auðþekkjanlegt. Með því að fjarlægja þunnar línur og einfalda merkið tryggjum við að það sé auðþekkjanlegt í öllum stærðum. Upprunaleg merking heldur sér samt og öndvegissúlunum og öldunum er einnig gert hærra undir höfði.

Virðingarfallst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to be "Sig." followed by a stylized surname.